

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



<b>Dags eftirlits</b>	4.1.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sameinað Sílikon hf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Stakksbraut 9	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	6602141190	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Helgi Björn	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorvaldur Helgi Auðunsson, Þórður Magnússon, Kristleifur Andrésson	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit voru 2 frávik skráð og ein athugasemd gerð.

Óskað var eftir að Umhverfisstofnun væri tilkynnt um öll atvik sem hafa í för með sér sjáanlega losun ryks í umhverfi verksmiðjunnar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir orsakir losunar á kísilyrki út um túðu á reykhreinsivirki og sem sýnd var í myndbandi sem birtist á vefmiðlum.

Þá var rætt um úrbætur sem gerðar hafa verið og stöðu úrbótaáætlunar vegna frávíka sem hafa verið skráð í eftirliti.

Ábendingar vegna losunar kísilyrks fram hjá reykhreinsivirki hafa borist Umhverfisstofnun, annars vegar með myndbandi sem sent var til stofnunarinnar og hinsvegar myndband sem birtist á vefmiðlum. Rekstraraðili gaf þá skýringu að vífta við reykhreinsivirki hefði stíflast og við hreinsun á víftunni hefði verið opnuð lúga við víftuna með þeim afleiðingum að kísilyrk hefði losast út. Ástæðan fyrir þessari stíflu var að snigill sem færir ryk í safnsíló, náði ekki að afkasta rykflutningi eins og hönnun sagði til um. Búið er að hafa samband við framleiðanda hreinsivirkis til að fá fram úrbætur. Rekstraraðili hefur breytt forritun á hreinsivirki til að minnka sveiflur í rykmagni sem snigill flytur í safnsíló. Þá hefur verið settur nýr mótör og drif við snigil til að auka flutningsgetu hans. Enn stærri mótör verður svo settur í lok janúar þegar hann kemur frá framleiðanda virkisins.

Símælir vegna ryks í rjáfri hreinsivirkis er komin upp og var það staðfest í eftirlitinu. Hægt er að fylgjast með niðurstöðum rykmælis í rauntíma en ekki er búið að klára forritun varðandi log á niðurstöðunum.

Enn eru ummerki um ófullnægjandi afsog og hreinsun útblásturs. Við eftirlit mátti sjá mikinn reyk í ofnhúsi sem ekki virtist fara í afsogskerfi og ummerki voru um að reykur slyppi út um loftræstigöt á ofnhúsinu en sjáanlegur rykmökkur var í kringum um ofnhúsið. Skýring sem rekstraraðili gaf var að ekki hafði verið opnað fyrir afsogið beint yfir þeim stað þar sem töppun átti sér stað heldur hólfíð við hliðina á. Verklagsreglur um þessar opnanir og lokanir afsogs eru í vinnslu til að tryggja að svona gerist ekki aftur.

Rætt var um úrbætur á sjálfvirknibúnaði reykhreinsivirkis og skráningar í tengslum við stöðvun þess. Búið er setja upp sjálfvirkt kerfi sem loggar virkni reykhreinsivirkis og var það sýnt við eftirlit. Þá var rafrænt atvikaskráningakerfi skoðað.

Enn virðist eitthvað vanta upp á yfirsýn og skráningar í tengslum við atvik er varða reyk frá verksmiðjunni. En tímasetningar á losun á stíflu við reykhreinsivirki voru ekki alveg á hreinu. Telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að bættir verðir ferlar innanhúss þar sem öll atvik stór sem smá séu skráð og rædd daglega. Rætt var um að Umhverfisstofnun óskar eftir að fá upplýsingar um þau atvik sem leiða til þess að reykur eða ryk sé sýnilegt við verksmiðjuna s.s. atvik eins og það sem var til umfjöllunar á netmiðlum 3. janúar s.l. Bættist þetta við þá upplýsingagjöf sem nú þegar er virk, þ.e. varðandi ofnstopp, virkni reykhreinsivirkis og sængursteypingu.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávikum

grein 2.3 þar sem fram kemur að engar rykuppsprettur megji vera án virkra mengunarvarna sem uppfylla kröfur um bestu fánlegu tækni.

Við eftirlit var loft í ofnhúsi rykmettað og sjánlegur rykmökkur var í kringum ofnhúsið þar sem reykur leitaði út um op og loftræstitúður á ofnhúsi.

grein 2.3 þar sem fram kemur að engar Við hreinsun á stíflu í viftu við reykhreinsivirki losnaði út töluvert magn ryk uppsprettur megi vera án virkra kísilryks. mengunarvarna sem uppfylla kröfur um bestu fáanlegu tækni.

#### **ATHUGASEMDIR**

Klára þarf forritun á logger vegna rykmælis í rjáfri reykhreinsivirkis. Hæfileg upplausn á slíkum logger er að skráð sé gildi á 30 sek fresti og að gögn séu geymd í 3 ár.

#### **ANNAÐ**

Skv. úrbótaáætlun skal gera mælingar á rykmagni sem myndast í ofnhúsi við ferla eins og geymslu, gólf sóp, steypingu ofl. fyrir 31. janúar. Umhverfisstofnun telur einnig þörf á að í stað þessara mælinga verði skoðað að koma fyrir símæli í rjáfri ofnhúss til að hafa eftirlit með rykmagni sem þar myndast.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.01.2017



Sigríður Kristjánsdóttir